

## GJALDSKRÁ

### fyrir hreinsun, tæmingu og eftirlit rotþróá í Þingeyjarsveit 2011.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að innheimta árlega gjöld vegna hreinsunar rotþróá á vegum sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustu-hætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Fyrir hverja fasteign innan marka Þingeyjarsveitar með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu Þingeyjarsveitar, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 4. gr. samþykktar um hreinsun og losun rotþróá á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ. Greiða skal sérstakt gjald fyrir hverja rotþró, ef fleiri en ein rotþró er á sömu fasteign. Undanþegnir frá gjaldskyldu eru aðilar sem framvísa samningi um tæmingu rotþróá við þjónustu-aðila með gilt starfsleyfi heilbrigðiseftirlits, sbr. 3. gr. samþykktar um hreinsun og losun rotþróá á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ. Ef fleiri en ein húseign er tengd rotþró skal þjónustugjaldi deilt með jöfnum hætti á fasteignir, nema ef sýnt er fram á aðra eignar- eða notkunarskiptingu á þrónni.

#### 2. gr.

Árlegt gjald fer eftir stærð rotþróá og er eftirfarandi miðað við þriggja ára losun:

0-2.000 lítrar	5.896 kr.
2.001-4.000 lítrar	7.041 kr.
4.001-6.000 lítrar	8.111 kr.
6.000 lítrar og yfir	Innheimt 1.388 kr. fyrir hvern rúmmetra umfram 6.000 lítra
Séu rotþrær losaðar árlega skal innheimt sem hér segir:	
0-2.000 lítrar	16.571 kr.
2.001-4.000 lítrar	19.804 kr.
4.001-6.000 lítrar	23.007 kr.
6.000 lítrar og yfir	Innheimt 4.140 kr. fyrir hvern rúmmetra umfram 6.000 lítra

Fjárhæð árgjalds miðast við að tæming og skoðun rotþróar eigi sér stað þriðja hvert ár. Komi fram beiðni um eða ef nauðsynlegt er að tæma rotþró sérstaklega, skal greiða sérstakt gjald skv. gjaldskrá.

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota lengri barka en 30 metra. Ef leggja þarf lengri barka þá bætist við 1.500 kr. að 50 metrum en 4.000 kr. eftir það.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til að um óvenju-mikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu rotþróá eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar þjónustu. Gjaldið skal nema tímagjaldi fyrir hreinsibíl, skv. 2. gr., fyrir tíma umfram 2ja klst. vinnu- og aksturstíma, sem sérstaklega er tilkominn vegna viðkomandi rotþróar.

Gjalddagi og innheimta þjónustugjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignaskatts. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með fjárnámi í fasteign sem rotþró tengist án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin á grundvelli samþykktar um hreinsun og losun rotþróá á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra að undanskildum Húsavíkurbæ, nr. 671/2003. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar þann 16. desember 2010. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróá í Þingeyjarsveit nr. 1363/2007.

*Þingeyjarsveit, 16. desember 2010.*

**Tryggvi Harðarson** sveitarstjóri.